

73. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 18.2. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir dagskrárlið 2. var Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. Félagsmálasamningur
2. Viljayfirlýsing um vindorkugarð. Kristinn Bjarnason
3. Umhverfisstefna
4. Smávirkjanir
5. Fundargerðir:
 - a. Almannafræðingur 24.1.2022
 - b. Almannafræðingur 28.1.2022
 - c. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 14.1.2022
 - d. Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 13.1.2022
6. Skýrsla sveitarstjóra
7. Önnur mál

1. Félagsmálasamningur

Samningur varðar sameiginlegt þjónustusvæði almennrar og sértækrar Félagspjónustu Samningurinn samþykktur samhljóða og sveitarstjóra falið að skrifa undir hann.

Kristinn Bjarnson kom á fundinn í fjarfundarbúnaði

2. Viljayfirlýsing um vindorkugarð

Lögmaður sveitarfélagsins kynnti fyrir sveitarstjórn uppfærð drög að viljayfirlýsingu vegna vindorkugarða í Fljótsdalshreppi. Lögmanni sveitarfélagsins falið að kynna forsvarsmönnum OGA ehf. drögin.

Kristinn Bjarnson yfirdag fundinn

3. Umhverfisstefna

Umhverfis- og loftslagsstefna sveitarfélagsins fjallar á almennan hátt um mismunandi viðfangsefni og skilgreinir meginmarkmið til 2031. Stefnan endurspeglar leiðarljós *Fagnar framtíðar í Fljótsdal* og er unnin með aðkomu íbúa og embættismanna Fljótsdalshrepps.

Tilgangur stefnunnar er:

- Að auka umhverfisvitund þeirra er lifa og starfa á svæðinu og heimsækja það.
- Að tryggja hreina og óspillta náttúru sem styrkir ímynd svæðisins.
- Að stuðla að heilsusamlegri samfélagi og auka lífsgæði fólks í sveitarfélaginu.
- Að hafa sjálfbæra þróun og heimsmarkmiðin að leiðarljósi við ákvarðanir.

Samþykkt að senda eintak af stefnunni á öll heimili, stofnanir og þær nefndir í sveitarfélaginu sem tengjast stefnunni með beinum hætti, til umsagnar. Að því loknu verður stefnan tekin afgreiðslu í sveitarstjórn. Sveitarstjóra var falið að gera kostnaðargreiningu á þeim kostnaði sem gæti hlotist af stefnunni.

4. Smávirkanir

Gerð hefur verið könnun meðal íbúa um áhuga á virkjunarframkvæmdum. Sveitarstjóra falið að kalla saman þann hóp sem sýndi verkefninu áhuga.

5. Fundargerðir:

Oddviti óskaði eftir því að bæta tveimur fundargerðum til kynningar inn á þennan dagskrálið, Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 3.2.2022 og Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 17.2.2022. Það var samþykkt.

a. Almannaþing 24.1.2022

Kynnt.

b. Almannaþing 28.1.2022

Kynnt

c. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 14.1.2022

Kynnt

d. Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 13.1.2022

Kynnt

e. Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 3.2.2022

Kynnt

f. Vatnajökulspjóðgarður, svæðisráð austursvæðis 17.2.2022

Kynnt

6. Skýrsla sveitarstjóra

Byggðakjarni. Lögð fram gróf greining af tekjum og gjöldum af mismunandi tillögum gatnagerðar af byggðakjarna.

Þjónustuhúsið við Hengifoss. Farið yfir stöðu samninga um húsið og lagt fram yfirlit byggingarfulltrúa um málið.

7. Önnur mál

Umsóknir um breytingar á umhverfisstyrkjum.

a. Umsókn frá Geitagerði.

Breyting samþykkt. Anna Jóna bendir á að þessi breyting er fordæmisgefandi.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

b. Umsókn frá Víðivöllum Fremri
Breyting samþykkt.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

Oddviti afhenti sveitarstjórn tvær nýjar skýrslur. Það er ársskýrsla „Fögur Framtíð í Fljótsdal“ (FFF) og innviðagreiningu sveitarfélagsins, báðar unnar af Ásdísi Helgu Bjarnadóttur verkefnastjóra (FFF). Verkefnastjóra er þakkað fyrir vel unnar skýrslur.

Anna Jóna spurði um rekstrarkostnað á kyndistöðinni.

Gunnþórunn spurðist fyrir um verkefnasjóð Fljótsdalshrepps og Landsbankans, en sjóðurinn auglýsti ekki árið 2021.

Fundi slitið klukkan 17:27

Lárus ritaði fundargerð í tölvu